



16. ágúst 2023

Gústav Aron Gústavsson

Örkynning fyrir Velferðarvaktina

| Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið



Grænbók um húsnæðis- og mannvirkjamál

- Grænbók er ætlað að greina stöðuna eins og hún er í dag. Í framhaldinu verður gerð hvítbók sem er drög að stefnu og þar kemur aðgerðaáætlunin fram. Lokaafurðin er svo þingsályktunartillaga sem stefnt er að verði lögð fram í vor
- Kom í samráðgsgátt stjórnavalda í febrúar og núna er verið að vinna úr umsögnum sem bárust.
- Í grænbókinni er sett fram framtíðarsýn í húsnæðis og mannvirkjamálum og helstu áherslur sem skiptast í 8 viðfangsefni.



Grænbók um húsnæðis- og mannvirkjamál

- . Stöðugleiki á húsnæðismarkaði þar sem framboð íbúða mætir þörf
 - Hið opinbera stuðli að því að íbúðauppbrygging sé í samræmi við þörf hverju sinni
 - Ríki og sveitarfélög hafi sameiginlega sýn og stefnu í húsnæðismálum og vinni saman að íbúðauppbryggingu
 - Áreiðanlegar upplýsingar um framboð og eftirspurn eftir íbúðum liggi fyrir með skilvirkri skráningu á stöðu og framvindu byggingarframkvæmda sem næst rauntíma ásamt greinargóðum upplýsingum um íbúðabörf ólíkra félagshópa
 - Fyrir liggi nægt framboð byggingarlóða og nauðsynlegra innviða undir íbúðauppbryggingu
 - Stuðlað verði að íbúðauppbryggingu með því að auðvelda lífeyrissjóðum að koma að fjármögnun



Grænbók um húsnæðis- og mannvirkjamál

- Húsnæðisöryggi og réttarstaða leigjenda
 - Réttarstaða leigjenda og húsnæðisöryggi samkvæmt húsaleigulögum verði bætt
 - Unnið verði að áframhaldandi uppbyggingu og þróun almenna íbúðakerfisins
 - Unnið verði að aukinni hlutdeild óhagnaðardrifinna leigufélaga á leigumarkaðnum



Grænbók um húsnæðis- og mannvirkjamál

- Markviss húsnæðisstuðningur fyrir þá sem standa höllum fæti á húsnæðismarkaði
 - Sérstök áhersla verði lögð á að auka framboð á hagkvæmu húsnæði á viðráðanlegu verði
 - Húsnæðisstuðningur beinist fyrst og fremst að tekjulágum, fyrstu kaupendum og þeim sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað vegna þunrar framfærslubyrði
 - Húsnæðisstuðningur og húsnæðisúrræði mæti þörfum ólíkra félagshópa
 - Húsnæðisstuðningur verði endurskoðaður og einfaldaður þannig að hann nái betur markmiðum sínum
 - Húsnæðisstuðningur þróist í samræmi við þróun tekna og byrði húsnæðiskostnaðar
 - Húsnæðisstuðningur sé gagnsær og aðgengilegur
 - Húsnæðisstuðningur verði reglulega endurskoðaður með hliðsjón af þróun verðlags
 - Félagsleg blöndun og félagsleg samheldni verði tryggð með blöndun byggðar



Framlög Jöfnunarsjóðs til aðgengismála

- Jöfnunarsjóður hefur úthlutað 363 m.kr. til sveitarfélaga vegna aðgengismála á árunum 2021 og 2022.
- Um er ræða úrbætur á aðgengi fatlaðs fólks að byggingum sveitarfélaga, vinnustöðvum, biðstöðvum almenningssamgangna eða útvistarsvæðum.
- Búið er að samþykkja að framlengja verkefnið og verða úthlutað 415 m.kr. til sveitarfélaga á árunum 2023 og 2024.
- Jafnframt tekur Jöfnunarsjóður þátt í Römpum upp Ísland með árlegt framlag að fjárhæð 50 m.kr.